71 ing þessari, þarsem aðeins styrkþörf Sigríðar eptir því sem á stóð kemur hjer til
31. maí greina, enda endurgalt Oddur eigi styrkinn, er hinir sönnu málavextir komu í ljós.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að Kleifahreppi hinum forna ber að endurgjalda Grindavíkurhreppi framannefndar 149 kr. 88 aura.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Kleifahrepps hins forna og eruð þjer um leið beðinn að sjá um, að upphæð þessi verði sem fyrst greidd Grindavíkurhreppi.

72 **Brjef stjórnarráðsins** *til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu* **um flutn-**
3. júní **ing þingstaðar.**

Eptir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 8. f. m., og eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Tunguhreppi í sýslu yðar og samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í nefndri sýslu, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Fossvöllum að Kirkjubæ í Tungu, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

73 **Brjef stjórnarráðsins** *til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu* **um flutn-**
3. júní **ing þingstaðar.**

Eptir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 8. f. m., og eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Hlíðarhreppi í Norðurmúlasýslu og samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í nefndri sýslu, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Fossvöllum að Sleðbrjót, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.